

Stefna í almannavarna- og öryggismálum

Þann 24. júní var stefna í almannavarna- og öryggismálum samþykkt af stjórnvöldum. Með stefnunni er leitast við að tryggja viðbrögð við ógnum og áhættuþáttum á landinu. Megin markmið stefnunnar er að viðbrögð stjórnvalda, stofnana og samtaka á hættustundu verði skilvirk og samhæfð, að stuðlað verði að samfelldri virkni mikilvægra samfélagsinnviða, að tryggður verði eins og kostur er, samfélagslegur stöðugleiki og öryggi einstaklinga og þjóðfélagshópa gagnvart ógnum af mannavöldum, vegna náttúruhamfara eða hnattrænna áhættuþátta. Stefnan er mjög metnaðarfull með alls 42 aðgerðaráætlanir að leiðarsjósi fyrir árin 2015 -2017, sem þykja nauðsynlegar og varða öryggi samfélagsins í víðu samhengi. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra gegnir samhæfingarhlutverki innan almannavarnakerfisins.

Fundir samráðshópa um áfallahjálpar



Frá fundi með samráðshópnum í Borgarnesi

Samráðshópur áfallahjálpar í Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna (SST) vinnur að málefnum áfallahjálpar á landsvísi samkvæmt sérstöku samkomulagi um áfallahjálpar. Að samkomulaginu standa ríkislögreglustjóri, Landlæknisembættið, Rauði krossinn, Landspítalinn, Þjóðkirkjan og Samband íslenskra sveitarfélaga. Þessir aðilar hafa unnið heildarskipulag til að starfa eftir í almannavarnaástandi og þannig tryggt samvinnu þeirra sem sinna sálfræðislegum stuðningi í kjölfar áfalla.

Tilgangur áfallahjálpar er að draga úr því uppnámi sem gjarnan skapast eftir áföll, en rannsóknir sýna að náttúruhamfarir geta haft varanlega afleiðingar á andlega og líkamlega heilsu, starfsgetu og lífsgæði. Rauði krossinn hefur umsjón með áfallahjálpar í skipulagi almannavarna í umboði samstarfsaðila samkvæmt samkomulaginu.

Fulltrúar í samráðshópi um áfallahjálpar í SST fóru um landið og funduðu með samráðshópum í lögregluumdæmunum á árinu. Þar voru kynntar breytingar sem gerðar hafa verið á samkomulaginu, farið yfir megin verkefni hópanna, boðanir og fleira. Þá voru kynnt raundæmi og kynntir atburðir sem samráðshóparnir höfðu tekist á við á árinu.

Nordredráðstefnan

Nú í september var haldin [Nordredráðstefna](#) í Gautaborg, Svíþjóð, sem bar yfirskriftina „Norrænt björgunarstarf í þróun“. Dagskráin var mjög metnaðarfull og var fjallað m.a. um ofsaverður og aðrar náttúruváfar, loftslagsbreytingar og áskoranir sem auka mikilvægi samstarfs björgunaraðila á Norðurlöndum þvert á landamæri. Þátttakendur í ráðstefnunni voru frá öllum Norðurlöndunum bæði frá stjórnsýslustofnunum og viðbragðsaðilum. Fyrirlesarar voru m.a. frá NORDRESS norræna öndvegissetrinu, sem kynntu verkefnið og tengsl rannsókna við almannavarnastarfið, en stór þáttur rannsókna innan verkefnisins tengist verkefnum almannavarnahringrásarinnar með varnir, viðbúnað, viðbragð og endurreisn að leiðarljósi.



NORDRESS hópurinn vakti athygli á mikilvægi rannsókna í almannavarnamálum

Velferð og vá – Norrænt verkefni

Fulltrúi almannavarnadeildarinnar starfar í ráðgjafahópi í rannsóknarverkefni um norrænu velferðarvaktina og viðbrögð við krísum. Í verkefninu eru viðbragðskerfi Norðurlanda kortlögð með áherslu á hlutverk velferðakerfa og þá einkum félagsþjónustu. Lagt er mat á hvernig norræn velferðarkerfi þurfa að búa sig undir áskoranir komandi ára og jafnframt verður metið hvort grundvöllur sé fyrir norrænni velferðarvakt í löndunum. Í tengslum við verkefnið var málþingið Social Services in Times of Disasters haldið í Norræna húsinu í byrjun maí, en það var haldið í samvinnu við norræna öndvegissetrið NORDRESS. Þar kom saman þverfaglegur hópur sérfræðinga, stjórnenda, fræðimanna, nemenda ásamt hagsmunaaðilum, sem ræddi hlutverk sveitarfélaga á hamfaratímum. Almannavarnadeildin tók þátt í málþinginu með málstofu sem fjallaði um eldgosið í Báradarbungu.

Niurdælingar við Hellsheiðarvirkjun

Í sumar og í haust hefur verið unnið að verkefnum vegna tilraunaniðurdælinga á svæði Orkuveitunnar við Hellsheiðarvirkjun sem samkvæmt vísindamönnum getur skapað jarðskjálftahættu í byggð. Almannavarnadeildin hefur nokkrum sinnum sent út tilkynningar og varað við þessari hugsanlegu hættu og vakið athygli á því að vegna breytinga í tengslum við niðurdælingu ýmist við Húsmúla, Gráuhnúka og Nesjavelli þá telja vísindamenn að tímabundið séu auknar líkur á jarðskjálftum á niðurdælingarsvæðinu. Slíkir jarðskjálftar gætu náð þeirri stærð að finnst vel í byggð.

Námskeið, sérfræðingaskipti og heimsóknir

Mikið hefur verið um heimsóknir erlendra og innlendra gesta til almannavarnadeildarinnar á þessu ári. Af erlendum gestum hafa Norðurlandabúar verið þar fjölmennastir og hefur áhugi þeirra beinst að viðbúnaði og viðbrögðum við eldgosum og hamförum almennt. Fjöldi sérfræðinga í almannavörnum á sveitarstjórnarstigi á Norðurlöndum hafa komið í nokkra daga heimsókn og hafa starfsmenn deildarinnar verið með málstofur og fræðslu um verkefni deildarinnar og verklag og skipulag í hamförum. Einnig heimsótti sænski varnarmálaráðherrann deildina og Samhæfingarstöðina nú í haust með fríðu föruneyti. Starfsemi Samhæfingarstöðvarinnar hefur vakið verðskuldaða athygli erlendra samstarfsaðila sérstaklega hvernig margar viðbragðseiningar vinna saman þegar á reynir. Almannavarna sérfræðingar frá Evrópusambandinu (Exchange of Experts in Civil Protection) hafa komið nokkuð reglulega til að fræðast um almannavarnakerfið á Íslandi.



Exchange of Experts in Civil Protection

Dagana 21.-26. september voru tveir jarðfræðingar frá almannavörnum Ítalíu í heimsókn hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Þeir voru hér á vegum EU Exchange of Experts in Civil Protection. Gestirnir starfa við hættumat vegna eldgosa á Ítalíu. Farið var í heimsóknir til Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnunar háskólans. Á Veðurstofunni var fjallað um vinnu stofnunarinnar við vöktun eldgosa og jarðskjálfta og vinnu við hættumat vegna eldgosa og að lokum var vöktunarsalurinn heimsóttur. Á Jarðvísindastofnun hittu gestirnir marga sérfræðinga sem sögðu frá helstu rannsóknarverkefnum sem þar eru unnin og frá rannsóknarvinnu við eldgosið í Holuhrauni. Þá fluttu gestirnir stutt erindi um hættumat vegna eldgosa á Ítalíu. Einum degi var varið í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð þar sem farið var yfir almannavarnakerfið á Íslandi og samhæfingu aðgerða. Farin var þriggja daga skoðunarferð um Suðurland þar sem aðgerðastjórn almannavarna á Hellu var heimsótt og Sveinn Kristján Rúnarsson fór yfir gerð viðbragðsáætlana vegna eldgosa og stjórn aðgerða í héraði. Svæðið umhverfis Eyjafjallajökul var skoðað og Lakagígur og Eldhraun skoðuð.



Northern European Forum for Risk Assessment

Í byrjun október var haldinn fundur sérfræðinga á sviði áhættugreiningar í norðanverðri Evrópu. Fundurinn var haldinn af Öryggis- og dómsmálaráðuneyti Hollands og fór hann fram í Amsterdam. Þetta er í þriðja sinn sem slíkur fundur er haldinn og í annað sinn sem Íslendingar taka þátt í honum. Löndin sem eiga fulltrúa í þessu samstarfi eru öll Norðurlöndin, Þýskaland, Holland, Belgía, Frakkland, Sviss, Bretland og Írland. Á þessum fundum er fjallað um aðferðafræði við áhættugreiningar einkum verkefni sem eru á landsvísu. Fulltrúar allra landanna kynntu verkefni sem verið er að vinna. Sum löndin kynntu svokölluð National Risk Analysis (NRA) verkefni þar sem farið er yfir tiltekna gerðir atburða sem hafa viðtæk áhrif. Önnur lönd kynntu svokölluð National Capability Assessments þar sem farið er yfir getu til að bregðast við atburðum sem fram koma í NRA verkefnunum. Hvoru tveggja þessara verkefni eru unnin að ósk almannavarnasamstarfs Evrópu (European Mechanism in Civil Protection).

Ársfundur verkefnisins



Í byrjun nóvember var haldinn ársfundur í FutureVolc verkefninu, en þessu þriggja ára verkefni sem Evrópusambandið styrkir lýkur í vor. Meginmarkmið verkefnisins er að koma á samhæfðu vöktunarkerfi á eldfjöllum, þróa nýjar aðferðir við að meta hættuna af einstökum viðburðum og efla skilning á kvikuferlum í jarðskorpunni. Almannavarnadeildin tekur þátt í verkefninu með áherslu á fyrirmyndar upplýsingagjöf til hagsmunaaðila vegna eldgosa bæði hér á landi og erlendis. Verkefnið hefur stuðlað að framþróun í vöktun og rannsóknum á eldfjöllum og var eldgosið í Holuhrauni að mörgu leyti prófsteinn á ýmsa þætti verkefnisins. Í framhaldi af ársfundinum var sérstakur fundur með hagsmunaaðilum til að kynna árangur og hagnýtt gildi verkefnisins. Það er ljóst að sú þverfaglega samvinna og samþætta nálgun á eldfjallavá sem unnið hefur verið í verkefninu á eftir að nýtast áfram í framtíðinni.



Evrópuverkefnið VeTOOLS

Í september var haldinn vinnufundur í Evrópuverkefninu VeTOOLS í Mýrdal. Verkefnið er leitt af Institute of Earth Sciences "Jaume Almera" í Barcelona á Spáni, Jarðvísindastofnun háskólans og Háskólanum í Lissabon í Portúgal. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra er þátttakandi í verkefninu ásamt almannavörnum á Kanaríeyjum og Azóreyjum. Þetta verkefni snýst um að þróa verkfæri fyrir landfræðileg upplýsingakerfi til notkunar við hættumat vegna eldgosa. Þátttakendur í fundinum komu frá meginlandi Spánar, Kanaríeyjum, meginlandi Portúgals, Azóreyjum, Ítalíu og Bandaríkjunum auk Íslands. Fulltrúi almannavarnadeildar sat fundinn auk fulltrúa frá lögreglu á Norðurlandi eystra, Suðurlandi, Vestmannaeyjum og Suðurnesjum. Fundað var tvo dag en aðrir tveir dagar voru nýttir til að skoða ummerki um eldgos í Vestmannaeyjum, Skaftárhreppi, Mýrdal og Rangárþingi eystra.

Viðbragðsáætlanagerð

Mikil gróska hefur verið í gerð viðbragðsáætlana hjá almannavarnadeildinni á árinu. Áætlanir vegna flugslysa voru uppfærðar fyrir Grímsey, Höfn í Hornafirði, og Egilsstaði og æfingar voru haldnar í kjölfarið. Lokið var við viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Bárðarbungu norðan Vatnajökuls í vor og sams konar áætlanir fyrir Suðurland og Austurland eru langt komnar. Vinnu við viðbragðsáætlun vegna sóttvarna á Keflavíkurflugvelli lauk í sumar og í framhaldinu var æfing 11.nóvember með skrifborðs- og stjórnstöðvaræfingu.

Þann 24. október fór fram flugslysaæfing á Höfn í Hornafirði. Samhæfingarstöð almannavarna var virkjuð til að þjálfa áhöfn hennar og lék Samhæfingarstöðin á móti aðgerðastjórn á Höfn í Hornafirði. Helstu verkefni Samhæfingarstöðvar eru útvegum tækja og starfsmanna sem vantar frá öðrum svæðum, skipuleggja flutning sjúklinga og öðru sem aðgerðastjórn í héraði óska aðstoðar við.

